

**Sp.**

**68. Tillaga til þingsályktunar**

[65. mál]

um innborgunargjald af vörum frá Vestur-Þýskalandi.

Flm.: Gunnar Sveinsson, Halldór Ásgrímsson.

Alþingi ályktar, að meðan EBE-löndin hafa ekki fullgilt tollasamninginn við Ísland verði Seðlabanka Íslands falið að innheimta 25% innborgunargjald af vöru-innflutningi frá Vestur-Þýskalandi, sem geymt verði á bundnum reikningi í 90 daga.

**Greinargerð.**

Eins og alþjóð er kunnugt hafa vestur-þjóðverjar einir þjóða ekki viðurkennt útfærslu fiskveiðilandhelginnar í 50 mílur og með því hindrað, að tollasamningar okkar við Efnahagsbandalagslöndin kæmu til framkvæmda. Hefur þetta valdið okkur íslendingum stórtjóni. Á meðan hafa viðskipti við vestur-þjóðverja gengið óhindrað fyrir sig af beggja hálfu og viðskiptajöfnuður verið vestur-þjóðverjum stórkostlega í hag.

Með þessari tillögu, sem hér er flutt, er ekki verið að fara fram á neinar hefndaraðgerðir gagnvart vestur-þjóðverjum, enda hafa viðskipti okkar við þá lítil áhrif í þeirra þjóðarbúskap og skipta ekki miklu máli fyrir hinn stóra gjaldeyris-varasjóð þeirra.

Tilgangurinn með þessum tillöguflytningi er fyrst og fremst að sýna, hve alvarlegum augum við íslendingar lítum á þá ákvörðun vestur-þjóðverja og annarra EBE-landa að neita okkur um eðlileg viðskiptakjör á þeim grundvelli að vestur-þjóðverjar hafa ekki fengið vilja sínum framgengt um veiðar innan íslenskrar fiskveiðilögsögu.

Þetta gerum við á áhrifaríkan hátt með því að draga úr viðskiptum við vestur-þjóðverja meðan þetta ástand varir. 25% innborgunargjald á vörukaup frá Vestur-Þýskalandi hefði þau áhrif, að innflytjendur beindu viðskiptum sínum annað og jafnframt sýndi þann hug, sem íslendingar bera til vestur-þjóðverja vegna þessa máls.